



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ÞJÓÐHÖFÐINGJAR NORÐURLANDA:
MINNINGARATHÖFN Á GROUND ZERO
ALDARAFMÆLI NORRÆNU STOFNUNARINNAR
Í BANDARÍKJUNUM

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff tóku í morgun, föstudaginn 21. október, þátt í minningarathöfn á Ground Zero um þá sem létust í árásunum á Tvíburaturnana 11. september 2001. Auk forsetahjóna tóku Haraldur Noregskonungur og Sonja drottning, Karl Gústav Svíakonungur og Silvía drottning, Tarja Halonen, forseti Finnlands og Friðrik krónprins Danmerkur og Mary krónprinsessa þátt í athöfninni ásamt sendiherrum landanna og embættismönnum.

Þjóðhöfðingjarnir vottuðu fórnarlömbum árásanna og ættingjum þeirra og vinum virðingu og samúð norrænna þjóða. Þá skoðuðu þjóðhöfðingjarnir hið nýja minnismerki um þá sem létust í árásinni en Obama, forseti Bandaríkjanna, vígði minnismerkið í september síðastliðnum. Þar eru skráð nöfn allra sem létust.

Í kvöld verður hátíðarsamkoma í tilefni af aldarafmæli Norrænu stofnunarinnar í Bandaríkjunum, American Scandinavian Foundation. Þjóðhöfðingjarnir munu ásamt um 1000 velunnurum Norðurlanda og áhrifafólki frá Norðurlöndum í Bandaríkjunum taka þátt í samkomunni. Norræna stofnunin hefur verið helsti vettvangurinn fyrir kynningu á menningu og listum, þjóðlífi, sögu og atvinnulífi norrænna þjóða í Bandaríkjunum. Mikill fjöldi Íslendinga hefur komið þar við sögu á undanförunum áratugum.

Stofnunin rekur auk þess Norræna húsið í New York og veitir árlega ungu fólki frá Norðurlöndum, listafólki og fræðimönnum fjölda styrkja.

Margir Íslendingar búsettir í Bandaríkjunum hafa verið í forystu ASF og var Kristján Ragnarsson læknir formaður stofnunarinnar fyrir nokkrum árum.

21. október 2011

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).